

## Aðlögun í Víkina af Kirkjugrði og Sóla Verkferill

- **Janúar ár hvert:**
  - Aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar hefur samband við leikskólastjóra Kirkjugerðis og Sóla og fær upplýsingar um fjölda nemenda í árgangi, kynjaskiptingu og fjölda barna með stuðning og þau sem þurfa auka þjálfun.
- **Febrúar ár hvert:**
  - Hópstjórar/deildastjórar koma með hugmyndir af börnum sem þeir myndi vilja sjá saman á deild og fylla út þar til get eyðublað varðandi það.
  - Aðstoðarskólastjóri Víkurinnar ákveður á leikskólastjórafundum, í samráði við leikskólastjóra Kirkjugerðis og Sóla hvenær heimsóknir komandi árgangs skuli vera í maí.
  - Í lok febrúar eru deildastjórar á Kirkjugerði og hópstjórar á Sóla boðaðir á fund í Víkinni með aðstoðarleikskólastjóra og deildastjórum þar vegna nemenda sem færast yfir í Víkina næsta skólaár.
    - Fundað er með hverjum deildar-/hópstjóra fyrir sig.
    - Hóp- og deildastjórar komi með eyðublöðin varðandi tilvonandi nemendur Víkurinnar með sér á fundinn útfyllt ásamt samþykki fyrir því að greiningar/gögn og upplýsingar um börnin fylgi yfir í GRV.
- **Mars/apríl ár hvert:**
  - Aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar ásamt deildastjórum setja upp deildaskiptingar eftir að hafa rætt við hóp- og deildarstjóra Sóla og Kirkjugerðis og fengið eyðublað varðandi nemendur í hendur.
  - Foreldrar fá boðskort á skóladag GRV í Hamarskóla og geta þá komið að kynna sér starfsemina í Víkinni.
  - Í lok apríl ár hvert er kynningarbréf um Víkina sent út til foreldra ásamt upplýsinum varðandi tilvonandi heimsóknir og aðlögun í Víkina. Þá er einnig gefið út hvernig röðun á deildir er.
    - Röðun á deildir er ekki breytt, en er svo endurskoðuð í lok september byrjun október og eru þá gerðar breytingar ef þurfa þykir.
  - Þá er einnig sendur heim vistunarsamningur og upplýsingablað um nemendur, sem foreldrar mæta svo með útfyllt í foreldraviðtal.
- **Maí ár hvert:**
  - Tvær skipulagðar heimsóknir í Víkina þar sem tilvonandi nemendahópur fær að kynnast Víkinni

- Eftir miðjan maí.
  - Tvær tveggja klst heimsóknir
- Tilvonandi nemendur alltaf velkomnir í aukaheimsóknir sem ekki eru skipulagðar.
- Víkin þarf að fá upplýsingar um nöfn foreldra nýrra nemenda og símanúmer svo hægt sé að boða í foreldraviðtöl.
- **Júní ár hvert:**
  - Foreldraviðtöl
    - Þá fá foreldrar tækifæri til að ræða þarfir barsins síns ásamt því að koma með útfylltan vistunarsamning og upplýsingablað um nemanda.
  - Gott væri að fá greiningar/gögn um börnin flutt yfir í Víkina svo starfsfólk geti verið búið að kynna sér þau áður en börnin byrja. Sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar sér um flutning ganganna milli stofnanna.
- **Ágúst ár hvert:**
  - Þegar sumarfríi lýkur tökum við allan árganginn inn í Víkina í einu.
  - Fyrsta daginn eru nemendur í aðlögun frá kl. 8-13, ef allt gengur vel er fullur dagur daginn eftir.
- **September**
  - Haldinn er foreldrafundur í byrjun september þar sem starfsemi Víkurinnar er kynnt.